

AÐALFUNDUR SKEL FJÁRFESTINGAFÉLAGS HF. 2024

Aðalfundur SKEL fjárfestingafélags hf. verður haldinn kl. 16:00, fimmtudaginn 7. mars 2024, í Ballroom salnum í Reykjavík Edition, Austurbakka 2, 101 Reykjavík.

Dagskrá fundar

1. Kosning fundarstjóra og ritara aðalfundar.
2. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi þess s.l. starfsár.
3. Ársreikningar félagsins fyrir liðið starfsár, ásamt skýringum endurskoðenda, lagðir fram til samþykktar.
4. Atkvæðagreiðsla um hvernig fara skuli með hagnað félagsins á rekstrarárinu.
 - Fyrirliggjandi tillaga lýtur að því að hluthafafundur samþykki að greiddur verði út arður til hluthafa á árinu 2024 vegna rekstrar ársins 2023 að fjárhæð kr. 750.000.000.
5. Atkvæðagreiðsla um fyrirliggjandi tillögu um fella á brott 2. gr. samþykta félagsins
6. Atkvæðagreiðsla um fyrirliggjandi tillögu um að leiðrétta lagatílvísun í 6. gr. samþykta félagsins.
7. Atkvæðagreiðsla um fyrirliggjandi tillögu um lækkun hlutafjár með ógildingu eigin hluta og samsvarandi breyting á samþykktum félagsins
 - Fyrirliggjandi tillaga lýtur að því að hlutafé félagsins sé lækkað með ógildingu eigin hluta sem keyptir voru á grundvelli endurkaupaáætlunar árið 2023.
8. Atkvæðagreiðsla um fyrirliggjandi tillögu um breytingar á starfskjarastefnu og samþykki kaupréttaráætlunar.
 - Fyrirliggjandi tillaga lýtur að því að hluthafafundur samþykki breytingu á starfskjarastefnu félagsins vegna 2024-2025, í samræmi við skýrslu starfskjaranefndar.
9. Atkvæðagreiðsla um fyrirliggjandi tillögu um breytingu á samþykktum til að heimila hækkun hlutafjár vegna kaupréttaráætlunar.
10. Atkvæðagreiðsla um fyrirliggjandi tillögu um breytingu á viðauka við samþykktir til að heimila stjórn kaup á eigin hlutum.
 - Fyrirliggjandi tillaga lýtur að því að hluthafafundur veiti stjórn félagsins áframhaldandi heimild til kaupa á eigin bréfum.
11. Atkvæðagreiðsla um fyrirliggjandi tillögu um breytingu á samþykktum til að heimila stjórn að hækka hlutafé.
 - Fyrirliggjandi tillaga lýtur að því að hluthafafundur veiti stjórn félagsins áframhaldandi heimild til að hækka hlutafé.
12. Atkvæðagreiðsla um fyrirliggjandi tillögu um breytingu á þóknun stjórnarmanna, undirnefnda og endurskoðenda
13. Skýrsla og tillögur tilnefningarnefndar að stjórn.
14. Kosning stjórnar félagsins.
15. Kosning tilnefningarnefndar.
16. Kosning endurskoðendafirma.
 - Fyrirliggjandi tillaga lýtur að því að KPMG verði endurkjörð sem endurskoðendafirma félagsins.
17. Atkvæðagreiðsla um fyrirliggjandi tillögu um utanaðkomandi nefndarmann í endurskoðunarnefnd
 - Fyrirliggjandi tillaga lýtur að því að Sigrún Guðmundsdóttir, löggiltur endurskoðandi hjá ODT, verði kjörin sem utanaðkomandi aðili í endurskoðunarnefnd.
18. Önnur mál.

Réttindi hluthafa

Aðilar sem eru skráðir hluthafar í hlutaskrá, samkvæmt hlutaskrárkerfi félagsins þegar fundurinn fer fram, geta beitt réttindum sínum á hluthafafundi. Hlutaskrá miðar við uppgjör viðskipta hjá Nasdaq verðbréfamiðstöð þann 6. mars 2024.

Þegar hluthafi hefur greitt fyrir hlut sinn að fullu fær hann útgefið rafbréf sem veitir honum full réttindi, sem lög og samþykktir félagsins mæla fyrir um. Hluthafi getur ekki beitt réttindum sínum á hluthafafundi nema nafn hans sé skráð í hlutaskrá félagsins. Uppgjör viðskipta hjá Nasdaq verðbréfamiðstöð fer fram tveimur dögum eftir viðskiptin og því er mælt til þess að síðasti viðskiptadagur sé 4. mars 2024, vilji hluthafi beita réttindum sínum á aðalfundi 7. mars 2024.

Hluthafafundur er lögmætur ef löglega er til hans boðað, óháð fundarsókn.

Réttur hluthafa til að fá mál sett á dagskrá aðalfundar

Hluthafar eiga rétt á að fá mál sett á dagskrá fundarins og leggja fram ályktunartillögur ef gerð hefur verið skrifleg eða rafræn krafa um það eigi síðar en tíu dögum fyrir fund, kl. 16:00 mánudaginn 26. febrúar 2024. Slík erindi skulu send á tölvupóstfangið fjarfestar@skel.is og munu þau verða birt á vefsíðu félagsins. Hafi hluthafi krafist þess að fá mál tekið til meðferðar á fundinum eða lagt fram ályktunartillögu fyrir þann tíma verður endanleg dagskrá og tillögur uppfærðar á vefsíðu félagsins eigi síðar en þremur dögum fyrir fundinn. Mál sem ekki hafa verið tilgreind í dagskrá hluthafafundar er ekki unnt að taka til endanlegrar úrlausnar á fundinum nema með samþykki allra hluthafa félagsins en gera má um þau ályktun til leiðbeiningar fyrir félagsstjórn.

Reglur um sókn aðalfundar

Öllum hluthöfum er heimilt að sækja fund og taka þar til máls. Hluthafar geta lagt fram spurningar fyrir fund á fjarfestar@skel.is eða á fundinum sjálfum. Hluthafa er heimilt að sækja fundinn ásamt ráðgjafa. Ráðgjafi hefur hvorki tillögurétt né atkvæðisrétt á fundinum. Hluthafa er heimilt að gefa ráðgjafa sínum orðið fyrir sína hönd.

Hluthafar sem ekki eiga kost á að sækja fundinn geta veitt öðrum skriflegt umboð. Umboðseyðublað er að finna á heimasíðu félagsins. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt umboð á fundinum eða senda það á tölvupóstfangið fjarfestar@skel.is. Umboð gildir aldrei lengur en eitt ár frá dagsetningu þess. Umboð má hvenær sem er afturkalla, þó ekki eftir að fundur hefst.

Reglur um atkvæðavægi- og greiðslur

Á hluthafafundi fylgir eitt atkvæði hverri einni krónu í hlutafé en heildarhlutafé SKEL fjárfestingafélags hf. er 1.936.033.774. Afl atkvæða ræður úrslitum á fundinum, nema öðruvísi sé mælt fyrir í samþykktum félagsins eða landslögum. Tillaga fellur á jöfnum atkvæðum.

Atkvæðagreiðslur og kosningar á fundinum verða ekki skriflegar nema fram komi krafa um slíkt á fundinum frá atkvæðisbærum fundarmanni eða ef fundarstjóri úrskurðar um slíkt. Stjórnarkjör skal þó vera skriflegt ef framboð koma frá fleirum en kjósa skal um. Stjórnarkjör fer fram samkvæmt meirihlutakosningu á milli einstaklinga, nema réttmæt krafa um hlutfalls- eða margfeldiskosningu komi fram frá hluthöfum er ráða minnst 1/10 hlutafjárins. Krafa þess efnis skal hafa borist stjórn félagsins fyrir kl. 16:00 laugardaginn 2. mars 2024 á tölvupóstfangið fjarfestar@skel.is. Ef tveir frambjóðendur eða fleiri fá jafnmörg atkvæði í kosningu skal hlutkesti ráða.

Félagið áskilur sér rétt til að hafa alla atkvæðagreiðslu á fundinum með rafrænum hætti.

Hluthafar geta óskað eftir því að fá að greiða atkvæði um mál sem eru á dagskrá fundarins bréflaga. Skal beiðni um slíka atkvæðagreiðslu hafa borist á skrifstofu félagsins eða á tölvupóstfangið fjarfestar@skel.is fyrir kl. 16:00 laugardaginn 2. mars 2024. Á heimasíðu félagsins er að finna leiðbeiningar til hluthafa um póstatkvæðagreiðslu.

Um frekari upplýsingar um réttindi hluthafa er vísað til laga nr. 2/1995 um hlutafélög, sem eru aðgengileg á heimasíðu Alþingis, www.althingi.is.

Framboðsupplýsingar

Tilkynningum um framboð til stjórnar félagsins skal skilað fyrir kl. 16:00 laugardaginn 2. mars 2024, á netfangið tilnefningarnefnd@skel.is eða á skrifstofu félagsins að Kalkofnsvegi 2, 101 Reykjavík. Notast skal við framboðseyðublað sem er að finna á vefsíðu félagsins. Vakin er athygli á því að tilnefningarnefnd mun ekki geta metið framboð sem berast eftir kl. 16:00 þann 22. febrúar 2024 og geta þau framboð því ekki verið andlag tillögu nefndarinnar. Breytist tillaga nefndarinnar frá því er fram kemur í fundarboði þessu verður ný tillaga birt eigi síðar en þann 26. febrúar 2024. Upplýsingar um alla frambjóðendur verða birtar á heimasíðu félagsins eigi síðar en tveimur sólarhringum fyrir aðalfund.

Tilkynningum um framboð til setu í tilnefningarnefnd félagsins skal skilað fyrir kl. 16:00 laugardaginn 2. mars 2024 á netfangið fjarfestar@skel.is eða á skrifstofu félagsins að Kalkofnsvegi 2, 101 Reykjavík. Upplýsingar um frambjóðendur verða birtar á heimasíðu félagsins eigi síðar en tveimur sólarhringum fyrir aðalfund.

Aðrar upplýsingar

Aðalfundur félagsins verður haldinn á íslensku. Fundargögn verða á íslensku og ensku.

Fundurinn verður pappírslaus. Dagskrá aðalfundar og fundargögn, þ.á m. tillögur stjórnar, sem lögð verða fyrir fundinn verða aðgengileg á vefsíðu félagsins. Gögnin verða jafnframt til sýnis fyrir hluthafa á opnunartíma skrifstofu félagsins í Kalkofnsvegi 2, 101 Reykjavík fyrir fundinn.

Hluthafar og umboðsmenn geta skráð sig á aðalfundinn á fundarstað frá kl. 15:00 á fundardegi. Hluthöfum er unnt að forskrá sig og eftir atvikum umboðsmann sinn til kl. 14:00 á fundardegi með því að senda tölvupóst á netfangið fjarfestar@skel.is. Vinsamlegast sendið nafn og kt. og eftir atvikum útfyllt umboðseyðublað á fjarfestar@skel.is.

Öll fundargögn, þ.m.t. umboðs- og framboðseyðublöð má finna á heimasíðu félagsins <https://skel.is/hluthafar/hluthafafundur-skel>

Sjá jafnframt tillögur til fundarins.

Reykjavík, 15. febrúar 2024

Stjórn SKEL fjárfestingafélags hf.